

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 88 12. júní 2008, um meðferð sakamála.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

232. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða VII og VIII.

2. gr.

A-liður ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum fellur brott.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða VII í lögnum orðast svo:

Þrátt fyrir fyrirmæli 232. gr. koma ákvæði laga þessara um héraðssaksóknara, embætti hans og verksvið ekki til framkvæmdar fyrr en 1. janúar 2010. Fyrir þann tíma skal þó dómsmálaráðherra auglýsa laus til umsóknar embætti héraðssaksóknara, varahéraðssaksóknara og saksóknara og skipa í þau, svo og hefja undirbúning að því að embætti héraðssaksóknara taki til starfa.

Fram til 1. janúar 2010 eru ákærendur ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, og að auki, í umboði þeirra, vararíkissaksóknari, saksóknarar, aðstoðar-saksóknarar, saksóknarfulltrúar og löglærðir aðstoðarlögreglustjórar. Um verkaskiptingu milli ríkissaksóknara og lögreglustjóra fer samkvæmt því sem í 3.–5. mgr. segir.

Ríkissaksóknari höfðar sakamál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

- a. brot á ákvæðum X.–XVI. kafla laganna,
- b. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
- c. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
- d. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr. og 1. mgr. 218. gr.,
- e. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231., 232. og 233. gr.,
- f. brot á 251. og 252. gr. laganna.

Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en tilgreind eru í 3. mgr., auk brots eða brota sem þar eru greind, tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hann höfðar málið sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það.

Lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari höfðar skv. 3. og 4. mgr.

Fram til 1. janúar 2010 gegnir ríkissaksóknari því hlutverki sem héraðssaksóknara er ætlað í 2. másl. 3. mgr. 23. gr., 2.–4. mgr. 24. gr., 2.–4. mgr. 26. gr., 2. mgr. 40. gr., 5. og 6. mgr. 52. gr., 2. mgr. 85. gr., 1. mgr. 92. gr., 5. mgr. 146. gr., 2. mgr. og 1. másl. 4. mgr. 147. gr., 3. mgr. 148. gr., 4. mgr. 149. gr., 6. mgr. 150. gr. og 3. mgr. 163. gr.

4. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Héraðssaksóknari skal taka við sókn máls sem höfðað hefur verið fyrir 1. janúar 2010 af lögreglustjóra, þar með talið ríkislögreglustjóra, ef þá er ekki lengur heimild fyrir ákærvaldi lögreglustjórans í ákvæðum III. kafla, sbr. ákvæði til bráðabirgða VII.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 23. desember 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Björn Bjarnason.*